

Hugtök í stærðfræði

Mikilvægastar eru 10 fyrstu tölurnar og fjöldinn að baki þeim. Ekki er nóg að telja 1, 2, 3, einnig þarf að skilja fjöldan að baki tölunum, telja nákvæmlega og talnaröðina. Best er að nota t.d. kubba og telja það eða leika með að telja fingur, tær eða annað sem er tengist daglegu lífi – hvað eru margir diskar á borðinu, fólkið í fjölskyldunni o.s.frv.

Dæmi um hugtakakennslu:



1 2 3 4 5
 næst fremst næst aftast
Fremst í miðjunni aftast

Fyrst næst í miðið næst ... síðast



Fjórir – fleiri en þrír



Þrír – færri en fjórir



Jafnmargir og fjórir, fleiri en þrír.

Mikilvægustu hugtökin:

Stór, lítill, minnstur, stærstur og jafn stór.

Flest, fæst, jafn margir, jafn fáir, ekki jafn margir, fleiri en, færri en.

Allir, nokkrir, enginn, margir, fáir

Fremstur, aftastur, næst fremstur, næst aftastur, fyrstur, síðastur, fyrir framan, fyrir aftan, fyrir ofan, fyrir neðan, í miðjunni, mitt á milli, milli.

Einnig breidd, lengd, þykkur, þunnur, hár, lágur, síður, stuttur, breiður, mjór, þungur, léttur, mikið, lítið.

Þegar barn hefur náð tókum á talningunni upp í tíu og hugtökunum hér að ofan má byggja ofan á það samlagningu og frádrátt með hjálp hluta eða puttanna. Börnin þurfa að ná valdi á að í samlagningu er bætt við en frádráttur er að taka af.





3 blóm



+ 1 blóm

=

og  er jafnt og 



4 blóm

Þegar lengra er haldið er hundraðstaflan grunnur frekari talna- og hugtakaskilnings. Best er að byrja á að barnið skrifi töfluna, skoði talnamynstrin í henni, oddatölur og sléttar tölur og læri að telja á fimmum og tugum.

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	32	33	34	35	36	37	38	39	40
41	42	43	44	45	46	47	48	49	50
51	52	53	54	55	56	57	58	59	60
61	62	63	64	65	66	67	68	69	70
71	72	73	74	75	76	77	78	79	80
81	82	83	84	85	86	87	88	89	90
91	92	93	94	95	96	97	98	99	100

Stærðfræðiundirbúningur fyrir 1. bekk

Talnafræði og hugtök tengd henni eru grundvöllur stærðfræðiskilnings. Því betur sem ung börn þjálfast og skilja að tölurnar eru tákn fyrir fjölda og fyrir stærðir, því auðveldara verður stærðfræðinám. Eftirfarandi eru nokkrar hugmyndir að verkefnum.

Mikilvægast er að læra að telja á fjölbreytilegan hátt og að talningin sé hlutbundin – notaðir raunverulegir hlutir og talning í daglegu lífi. Tala við barnið þannig að það tileinki sér hugtök um fjölda, stærðir, röðun, magn, tíma og fleira. Tölutáknin eiga að koma í kjölfarið á hlutbundinni talningu.

Á þessum slóðum er að finna námsefni og tölvuverkefni sem eru mjög skemmtileg og gagnleg.

http://vefir.nams.is/serkennsla/tiu_handbok.pdf

http://vefir.nams.is/serkennsla/tiu_handb_verk.pdf

<http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/>